



Reglur þessar skulu kynntar af skólastjóra á fyrsta fundi skólaráðs sem kosið er til tveggja ára í senn. Þar skulu þær ræddar með möguleika á umbótum ef þörf er á og nýjar reglur samþykktar.

Vinnureglur skólaráðs

- 1) Skólastjóri boðar til skólaráðsfunda með viku fyrirvara, sendir undirbúningsgögn ef þurfa þykir og stýrir fundum.
- 2) Skólaráðsfundir skulu haldnir í húsnæði Barnaskólans hið minnsta fjórum sinnum á hverju skólaári. Miða skal við að hver fundur taki um eina klukkustund.
- 3) Við upphaf hvers fundar skal fara yfir fundargerð síðasta skólaráðsfundar og fylgja eftir málum ef þörf krefur.
- 4) Verkefni fyrsta fundar við upphaf skólaárs skulu vera eftirfarandi:
 - a. Fulltrúar kynna sig og skólastjóri fer yfir hlutverk og helstu verkefni skólaráðs.
 - b. Taka sameiginlega ákvörðun um málefni sem rædd verða á fundum ársins.
 - c. Setja fram starfsáætlun til eins skólaárs og birta á heimasíðu skólans¹.
 - d. Ákveða fyrirkomulag fundarritunar fyrir skólaárið, hvort skuli skipst á eða einn fulltrúi sjái um ritun allt árið.
- 5) Komist fulltrúi ekki á skólaráðsfund skal viðkomandi sjálfur boða varamann sinn og láta skólastjóra vita svo fljótt sem auðið er. Staðgengill skólastjóra, meðstjórnandi skólans, stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.
- 6) Vilji fulltrúi koma málefni á dagskrá skal hann láta vita við upphaf fundar.
- 7) Undir engum kringumstæðum fjallar skólaráð um málefni einstaklinga, hvorki nemenda, starfsfólks né foreldra, enda er þeim málum ætlaður annar farvegur.
- 8) Skólaráðið starfar á starfstíma skólans en beri brýna nauðsyn til er heimilt að kalla það saman á öðrum tíma.
- 9) Að hverjum skólaráðsfundi loknum skal fundarritari senda hnitmiðaða fundargerð með tölvupósti til skólaráðs til samþykktar. Þegar allir fulltrúar hafa veitt samþykki sitt birtir skólastjóri fundargerðina á heimasíðu skólans.
- 10) Fulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, starfsmenn skóla eða annað sem þeir verða áskynja um í starfi sínu.

¹ Sjá viðhengi með dæmi um uppsetta starfsáætlun.

Viðhengi 1 – Dæmi um starfsáætlun til eins skólaárs

Taflan er hugsuð til viðmiðunar en gefur hugmynd um hvernig starfsáætlun getur litið út.

Starfsáætlun skólaráðs Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði 20__–20__

Skólaráð gerir ráð fyrir að hittast _____ sinnum á skólaárinu og verða fundirnir að jafnaði haldnir á _____degi kl. _____.

Að fundi loknum er fundargerð send með tölvupósti til skólaráðs til samþykktar og í framhaldi af því birt á heimsíðu skólans.

Mánuður	Dagsetning	Verkefni
September		Starfsreglur skólaráðs yfirfarnar. Starfsáætlun skólaráðs gerð. Fullmanna skólaráð ef forföll hafa orðið. Aðkoma að opnum fundi um málefni skólans / foreldrafundi að hausti. Önnur mál.
Desember		Niðurstöður samræmdra prófa og skimana. Innra mat skólans tekið til umfjöllunar. Önnur mál.
Mars		Skóladagatal næsta skólaárs. Niðurstaða foreldrakönnunar. Starfsáætlun skólans tekin fyrir og rædd. Önnur mál.
Maí		Undirbúningur fyrir næsta skólaár. Skólanámskrá kynnt af skólastjóra. Önnur mál.

Samþykkt á fundi skólaráðs Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði í september 20__